



Tíminn spyr ...

Er Eiríkur Tómasson prófessor vanhæfur til að fjalla um rimmuna í Langholtskirkju vegna fyrrverandi formennsku sinnar í Styrktarfélagi óperunnar og starfa sinna fyrir Stef?




Baldur Kristjánsson biskupsritari
Nei, Eiríkur Tómasson er einhver færasti sérfræðingur í stjórnsýslulögum og hann gerði biskupi strax grein fyrir þessum tengslum sínum við óperuna og því líka að hann þekkti til Flóka og hefði verið í sama skóla og hann, þótt þeir væru kannski ekki bekkjarbræður. Hann taldi sjálfur að þetta gerði hann ekki á nokkurn hátt vanhæfan og ég er sammála honum í því. Í þessu efni ber líka að hafa það í huga að Eiríkur er ekki dómari heldur er hann að skoda málid fyrir biskup.



Jón Magnússon hæstaréttarlögmáður

Nei, ég mundi nú ekki álita að þessi tengsl mundu valda vanhæfi Eiríks Tómassonar sem slíks, en hitt er annað mál að lagaprófessor er ekkert hæfari til að fjalla um þetta mál en hver annar, vegna þess að málid er ekki þess eðlis og heyrir ekki undir lögfræði. Ég tel Eirík Tómasson vera ákaflega hæfan mann og því færar um að fjalla um þetta mál, en prófgráða og annað í þeim dür gerir hann ekki hæfari en hvada mann sem er med aðræða prófgráðu og annað starfsvið. Að minu viti er þetta ágreiningur sem kirkjan hefði að sjálfsögðu að leysa innan sína vélbanda. Það er mjög óeðlilegt að fara þessa leið. Parna er ágreiningur milli aðila sem starfa innan ákveðinnar kirkjudeildar. Málid er að mínum dómi mjög einfalt: Annað hvort tekst að ná samkomulagi og audvítad ber að vinna að því, en ef ekki tekst að ná samkomulagi, þá verður annar aðilinn að fara.



Leifur Þórarinsson tónskáld

Ég hef ekki vit að þessu máli. Ég hef ekki kynnt mér það enda kemur mér það ekki við, en ég geng út frá því að Eiríkur Tómasson sé hæfur í hvað sem er.


Kjarvalsstaðir hefja árið með glæsibrag — fjórar sýningar opnaðar á laugardag:

Frægur Frakki og áður óbekkt verk Kjarvals


Kjarvalsstaðir hefja nýja árið með trukki, fjórar sýningar verða opnaðar í sýningarsöluunum á laugardag. Meðal þeirra er Kjarvalssýning sem Helgi Þorgils Friðjónsson hefur sett saman og er að hengja upp þessa dagana, teikningar listamannsins, sem fæstar hafa sést áður. Einn helsti listmálarinn Frakki, Olivier Debré, heldur þar og sýningu. Þá mun það vekja athygli þegar rússneskir myndlistarmenn kynna „Val fólksins“, sýningu sem samanstandur af aðeins tveim málverkum, þ.e., „eftirsóttasta og síst eftirsóttá málverki íslensku þjóðarinnar“. Niðurstaðan er fengin eftir skoðanakönnun sem Haggvanger gerði fyrir hartnær ári síðan.

Rússarnir Komar og Melamid fluttu til Bandaríkjanna 1978 eftir að hafa verið undir járnhæl sovétríkupulagsins um árabil. List þeirra er framsækin hugmyndalist, en viðfangsefnið er menningar-félagsleg umfjöllun um listina og samfélagið.

Í gárdag var Helgi Þorgils að hengja upp á Kjarvalssöldum. Hann hafði orðið sér úti um eitthvað á þriðja hundrað teik-



Rússnesku listamennirnir Komar og Melamid sýna listaverk eins og meðaljóninn á Íslandi vill, og annað sem íslendingurinn vill ekki.



Ein teikninga Meistara Kjarvals, sem sýnd verður á Kjarvalssöldum fram til vors.

ingar eftir Meistara Kjarval, myndir sem margir munu áraðanlega hafa gaman af að sjá.

Franski abstraktmálarinn Debré, 75 ára, kemur hingað til lands á föstudag og heldur beint af flugvelli til vinnu sinnar á Kjarvalssöldum. Debré er í hópi þekktustu listamanna Frakklands.

Loks er að geta þáttar Ingólfur Arnarssonar. Hann sýnir myndir sem hann vinnur annars vegar sem teikningar á pappír og hins vegar með vatnslitum á steinsteypu.

Allar standa sýningarnar til 18. febrúar, nema Kjarvalssýningin sem standur til vors. -JBP

Nýtt leikhús á gömlum grunni:

99 ára afmæli LR


Leikfélag Reykjavíkur er 99 ára gamalt í dag. Liðin eru tíu ár frá því að Davíð Oddsson, páverandi borgarstjóri, lagði hornstein að Borgarleikhúsinu. Til að minnast þessara tímamóta og til að kynna undirbúning 100 ára afmælis-hátiðar að ári verða leikfélagsmenn með samkomu í Forsal Borgarleikhússins kl. 16.30 í dag.

Meðal þeirra sem taka til málss á samkomunni verða Davíð Oddsson forsætisráðherra, Ingi-björn Sólrún Gísladóttir borgarstjóri, Kjartan Ragnarsson formaður Leikfélags Reykjavíkur



Iðnó við Tjörnina. Þar átti Leikfélag Reykjavíkur sín uppvaxtarár og glæsilega.

og Viðar Eggertsson, verðandi leikhússtjóri LR. Þá munu Szymon Kuran borgarlistamaður



Borgarleikhúsið í Kringluhverfi, hið nýja aðsetur Leikfélags Reykjavíkur, glæsileg aðstaða.

ur og félagar úr LR stytta gestum stundir.

Sérstök afmælisnefnd starfar nú að undirbúningi aldarafmælisins. Hana skipa Leikhús-ráð og heidursfélagar L.R., en formaður er Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands.

-BP

Tekinn með þýfi í bíl

Tveir karlmenn og ein karlinn voru handtekin í Kopavogi um 20:30 og grunnu um að hafa þessi ófuglum.

ÉG HEFDI VALID VENJU-
LEGAR TÚNDÓKUR!!



Sagt var ...

Nýrikir og sírikir

„Nú er Davíð kominn í spilið. Hann hefur raett við Heklubræður um að þeir taki þátt í kaupum á bankanum enda hefur lengi verið gott a milli Davíðs og braðranna. Auk þess eru braðurnir ekki nýrikir heldur sírikir og því ætti Guðni að geta fallist að selja þeim part þessum blessaða banka þegar hann verður hæffaður. Alla vega ætti Guðni að taka höndum saman við Davíð í þessu máli ef það gæti orðið til þess að koma í veg fyrir að bankinn lenti í höndum nýrikra því það gefur augaleið að þeim er ekki treystandi til að eiga og reka banka. Þá dytti nokkrum heilvita manni í hug að selja ofdrykkjumönum Áfengisverslun ríkisins?“

Dagfari í DV

Óskynsamleg stjórn byggðamála

„Jafnt vægi er skynsamlegt. Misvægi atkvæða tengist óskynsamlegri stjórn byggðamála. Á Íslandi er sveitarstjórnarstigið veikt og því illa fært um að fást við byggðamál. Byggðamálum er því sinnt af landsstjórninni. Alþingismenn eru fulltrúar ákvæðinna landshluta og gæta hagsmunu þeirra á Alþingi.“

Ægir Karl Ægisson í grein í Vikublaðinu

Forsetaembættib og valdib

„Full ástaða er til að ráða hlutverk embættis forseta Íslands, og yfirhöfud hvort það þjóni einhverjum tilgangi. Á hinum bóginum mun það skapa mikla ólgu ef stjórnmalamaður — og alveg sérstaklega ef hann heitir Davíð Oddsson — sækist eftir forsetaembættinu á þeim forsendum að auka þurfi völd þess. Þá er næsta vist að gamanið fær að kárna.“

Úr forstugrein Alþýðublaðsins

Ósköp óánægð

„Í fjárlagaumræðunni á Alþingi í lok fyrra árs réðst Jóhanna Sigurðardóttir, fyrverandi félagsmálaráðherra, með miklu offorsi að Pál Pétursson félagsmálaráðherra úr ræðustóli. Undir ræðunni sat Páll með púkaglott á vörum og þegar hann svaraði Jóhönnu létt hann þessa vísu fara í loftið:“

Ein er núna ögn í lægð,
ekki að marki lagi.

Hún er ósköp óánægð
eins og fyrri daginn.“

Sandkorn í DV



Í heita pottinum var verið að ræða um Pál Pétursson félagsmálaráðherra og snöfurmennlega innkomu hans í ríki ráðherranna. Bar mönnum saman um að honum fær starfi vel og til þess tekið að hann virðist láta allt milli himins og jarðar sig varða. Hann væri bara alls staðar eitthvað að stjórn. Hestamáðurinn úr austurbænum upplýsti þá að menn væru líka hættir að kalla Pál „Pál á Höllustöðum“. Nú gangi hann undir nafninu „Páll á öllum-stöðum“ ...

Nú er orðið ljóst að Sighvatur Björgvinsson skrifaði sína frægu Morgunblaðsgrein um að stjórnmalamenn ættu vissulega erindi að Bessastaði til þess að mælda stuðning sinn við Davíð Oddsson í embættið. Jafnframt hefur það vakið athygli að Davíð neitar því ekki sjálfur að hann hyggi á framboð þó hann „telji það frekar ólíklegt“, eins og hann orðaði það í fréttum Stóðvar 2. Kratarnir í pottinum velta því fyrir sér hvað gamli refurinn Sighvatur sé að fiska með þessari snemmbæru meldingu sinni, og hallast heist að því að hann vonist eftir stuðningi sjálftaðismanna í stóli landsbankastjóra þegar sæti Björgvins Vilmundarsonar losnar ...

Stórfrið RÚV um sjúkrasamlagstíllögur Bolla Héðinssonar var ágæt þó svo til-lögur Bolla hafi verið settar fram í DV kjallargreinum fyrir 3 árum síðan. Þetta sýnir að góðar hugmyndir eldast vel. Í pottinum var fulltrykt að Bolli hafi sagt þegar sjónvarPið hringdi: „Minn tími er þá loksins kominn“ ...